

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, íbúðarsvæði, iðnaðarsvæði og tengibraut - Ölduhverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 frá 22. nóvember 2007.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Frístundasvæði FS3-FS7 og opin svæði til sérstakra nota OS5 og OS6 falla brott. Þess í stað stækkar íbúðarsvæði ÍS3 í 70 ha þar sem gert er ráð fyrir allt að 200 íbúðarlóðum á svæðinu. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 400 m² og nýtingarhlutfall allt að 0,3.
2. Frístundasvæði FS1 og FS2 breytast í landbúnaðarsvæði.
3. Verslunar- og þjónustusvæði VÞ4 fellur brott.
4. Opið svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði breytist í iðnaðarsvæði I2 þar sem gert er ráð fyrir skólphreinsistöð suðaustan við hið nýja íbúðarsvæði.
5. Aðkoma að íbúðarsvæðinu verður af þjóðvegi nr. 821 og er vegtenging sýnd á uppdrætti.
6. Tenging þjóðvegur nr. 823 við þjóðveg nr. 821 hliðrast lítillega til suðurs.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. júní 2010.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.